



Vorönn 2023  
Fjölbrautaskóli Suðurlands

## MYNL2TK05

### Teikning (grunnur)

Kennari	Ágústa Ragnarsdóttir, <a href="mailto:agustaragnars@fsu.is">agustaragnars@fsu.is</a>
---------	--

### Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur og æfa grunnatriði teikningar. Farið í mikilvægu línu í allri teikningu, skyggingar æfðar, lögð áhersla á að þjálfa formskilning með greiningu grunnformanna bæði þau tvívíðu og þrívíðu. Grunnur lagður að fríhendisteikningu. Unnið með myndbyggingu út frá formum, raunsætt og abstrakt. Farið í eins- og tveggjapunkta fjarvídd.

**Undanfari:** Enginn

**Þekkingarviðmið** - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- möguleikum blýantsins
- mikilvægi línu
- áhrifum skugga og ljóss
- tvívíðum og þrívíðum formum
- eins- og tveggja punkta fjarvídd
- Myndbyggingu
- abstrakt og raunsæi

**Leikniviðmið** - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að sýna trúverðuga skyggingu með blýanti með mikilli dýpt þar sem öllum tónum grátónaskalans er beitt sem og sýnt fram á kunnáttu við að beita línu.
- fríhendisteikna þrívíðu grunnformi með og án skyggingar.
- teikna fjarvíddarmyndir innan húss og utan með hjálp eins- og tveggjapunkta fjarvíddartækni
- að mæla út hlutföll og nýta í sinni teikningu.
- að fríhendisteikna flóknari hluti með grunnformin í huga

- að setja saman myndbyggingu út frá bæði abstrakt og raunsæi

**Hæfniviðmið** - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skynja og skilja að allt er samsett úr grunnformum sem línur mynda.
- teikna og skyggja mynd af hlutum og umhverfi sínu, bæði raunsætt og abstrakt.
- teikna út frá eigin hugmyndum sem og fyrirmyndum.
- vinna vísvitandi með myndbyggingu.

### Námsefni:

Fyrirlestrar, innlagnir, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur. Öll verkfæri og allt efni er innifalið í efnisgjaldi sem greiðist í heimabanka.

### Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1-2	5. - 10. jan.	- Kynning á áfanga - Skyggingaaðferðir og grátónar	Verkefni 1
2-3	9.-16. jan.	- Tvívíðform og ólíkar skyggingar	Verkefni 2
3-4	17.-25. jan.	- Skyggingar þrívíðra forma, grunnur	Verkefni 3
4-6	26. jan.-8. feb.	- Fríhendisteikning þrívíðra forma, myndbygging, slöngulína	Verkefni 4
6-9	7. - 28. feb.	- Raunsæ hlutateikning - Vetrarfrí 20. febrúar - Miðannarmat, 24. febrúar	Verkefni 5
9	1.-3 mars	<ul style="list-style-type: none"> <li>• 1. og 2. mars; Kátir dagar</li> <li>• 3. mars: Flóafár</li> </ul>	
10-11	6. - 19. mars	- Fjarvídd út frá 1 punkti	Verkefni 6

			(2 verkefni)
12-13	20. mars – 2. apríl	- Fjarvídd út frá 2 punktum	Verkefni 7 (2 verkefni)
15-18	13. apríl - 4. maí	- Lokaverkefni	Verkefni 8

### Sérreglur áfangans:

- **Skila þarf að lágmarki 85% af verkefnum annarinnar, þar með lokaverkefni sem og fá 5 í lágmarkseinkun til að eiga möguleika á að standast áfangann. ATH. Lokaverkefnið verður að vera fullunnið og standast námsmat þ.e. hið minnsta 5 í einkun.**
- Nemendur fá möppur strax í byrjun annar þar sem þeir geyma skissur og verkefni. Mikilvægt að haldi vel utan um allt og taka möppur ávallt með sér heim enda heimavinna nauðsynleg til að standast áætlun.
- Öll verkefni birtast á INNU. Nemendur skulu skila **vandaðri** ljósmynd af hverju verkefni að því loknu í skilahólf.
- Um er að ræða próflausan símats- og leiðsagnarmats áfanga. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi og vinnuframlag, sjálfstæð vinnubrögð, tileinkun, tilraunir, framfarir og mæting. Verkefni má skila aftur ef nemandi vill bæta það.

### Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Skyggingar og gráskalar	Kontrastar, fjölbreytni aðferða, vinnusemi og virkni, sjálfstæði, endanlegt útlit	4%
Tvívið form og ólíkar skyggingar	Kontrastar, fjölbreyttar aðferðir, myndbygging, heildarútlit, vinnusemi og virkni, sjálfstæð vinnubrögð	5%
Þrívíð form og skyggingar	Skilningur á samsetningu formanna, kontrastar, skuggavörpun, samspil forgrunns og bakgrunns, heildarútlit, vinnusemi og virkni, sjálfstæð vinnubrögð	6%
Fríhendisteikning þrívíðraforma og skygging	Teikning formanna, myndbygging, dýpt, kontrastar, skuggavörpun, samspil forgrunns og bakgrunns, heildarútlit, vinnusemi og virkni, sjálfstæð vinnubrögð	13%

Raunsæ hlutateikning	Sjónarhorn, myndbygging, teikning, kontrastar, skuggavörpun, heildarútlit, vinnusemi og virkni, sjálfstæð vinnubrögð	20%
Fjarvídd 1 punktur	Flækjustig, fjarvíddarskilningur, heildarútlit, vinnusemi og virkni, sjálfstæð vinnubrögð	15%
Fjarvídd 2 punktar	Flækjustig, fjarvíddarskilningur, heildarútlit, vinnusemi og virkni, sjálfstæð vinnubrögð	15%
Lokaverkefni	Frumleiki og nálgun, skygging og andstæður, myndbygging, flækjustig verkþátta, skír og rétt fjarvídd, heildarútlit, vinnusemi og virkni, sjálfstæð vinnubrögð	22%
Samtals		100%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

4. janúar 2023